

verð á raforku, kaupgjald eða verðlag er breppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsverð um allt að 40% af hækkuninni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps, nr. 68 29. febrúar 1968.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. febrúar 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

24. febrúar 1969.

Nr. 65.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Utanfararsjóðs sjúkra í Strandasýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. febrúar 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Utanfararsjóðs sjúkra í Strandasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Utanfararsjóður sjúkra í Strandasýslu. Hann er stofnaður með frjálsum framlögum einstaklinga og félagssamtaka.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja sjúka, sem þurfa nauðsynlega að leita sér lækninga erlendis að dómi yfirlækna Landspítala Íslands.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur krónum 61 000.00 og svo það fé, sem síðar kann að safnast, skal ávaxtast á hagkvæmstu vaxtakjörum í viðurkenndri peningastofnun í sýslunni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 2 kosnir af Kvenfélagasambandi Strandasýslu, 2 af sýslunefnd Strandasýslu. Héraðslæknirinn á Hólmavík skal sjálfskipaður formaður sjóðsstjórnar, en sjúkrahússformaður til vara.

5. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt umsóknum, samanber 2. grein. Skal styrkuppheð fara eftir mati sjóðsstjórnar hverju sinni. Aldrei má þó úthluta meiru en svo, að eftir standi krónur 15 000.00.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, sem skipaðir eru af stjórn sjóðsins.

7. gr.

Verði sjóðurinn af einhverjum ástæðum lagður niður, sem slíkur, skulu eignir hans renna til sjúkrahúss eða elliheimilis innan Strandasýslu.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 8.00 kr./kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur	40.00 kr./m ² á ári.
Fyrir ganga og geymslur	16.00 kr./m ² á ári.
 - c. Orkugjald 2.40 kr./kwst.
13. Til götulýsingar um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 2.40 kr./kwst.
og annast þá rafveitan rekstur lýsingarkerfisins.
14. Til nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 4.00 kr./kwst.

B. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21. Til heimilisnotkunar um kwst.mæli:
 - a. Grunnjald 180.00 kr./ári.
 - b. Orkugjald 1.70 kr./kwst.
 - c. Fastagjald af hverju herbergi 180.00 kr./herb. á ári.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö, þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.
22. Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum, sjúkrahúsum og öðrum slíkum stöðum, enda séu tæki fasttengd, um kwst.mæli:
 - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
 - b. Orkugjald 1.70 kr./kwst.